

**Ed.**

**685. Þingsályktun**

um lánsstofnun handa bátaútveg landsins.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að rannsaka, á hvern hátt megi koma upp lánsstofnun eða lánsstofnunum í líkingu við ræktunarsjóð Íslands, sem veitt gæti bátaútveg landsins rekstrarfje með aðgengilegri kjörum en nú eru þau.